

Nd.

**248. Frumvarp**

til laga um lækningaleyfi.

Flutningsmaður Jón Magnússon.

1. gr.

Rétt til að fást við lækningar hér á landi hafa þeir, er staðist hafa próf í lækna-  
skólanum í Reykjavík eða háskólanum í Kaupmannahöfn.

Þó mega þeir eigi gera sér að atvinnu að hjálpa konum í barnsnauð, fyr en  
þeir hafa lokið námskeiði í fæðingarhúsinu í Kaupmannahöfn, eða fæðingahúsi hér á  
landi ef það kemst á fót.

2. gr.

Ráðherra Íslands getur veitt mönnum, er eigi hafa staðist þau próf, sem nefnd eru í 1. gr., ótakmarkað eða takmarkað lækningaleyfi, ef þeir sanna að þeir hafi næga kunnáttu og landlæknir mælir með leyfisveitingunni.

3. gr.

Allir þeir, er hafa lækningaleyfi, skulu háðir eftirliti landlæknis. Ber landlækni að gæta þess, að þeir haldi öll ákvæði í heilbrigðislöggjöf landsins, og má hann heimta af þeim þær sjúkdómsskýrlur, er hann telur nauðsynlegar, þótt þeir hafi ekkert embætti á hendi.

4. gr.

Ef landlæknir verður þess var, að einhver lækuir vanrækir læknisskyldur sínar, gerir sig sekan í einhverri óhæfu er við kemur lækningastarfi hans, eða breytir út af fyrirætlum heilbrigðisлага landsins, þá skal hann áminna þann lækni um að bæta hegðun sína.

Nú er lækni veitt áminning og kemur ekki að haldi, má þá landlæknir svifta hann lækningaleyfi, en skýra skal hann jafnframt stjórnarráðinu frá öllum málavöxtum.

5. gr.

Ef einhver sá, er hefir takmarkað lækningaleyfi, samkvæmt 2. gr., tekst á hendur lækningu á öðrum sjúkdómum en þeim, sem honum er leyft að fást við, eða beitir öðrum lækningaaðferðum, en þeim, sem hann hefir leyfi til að iðka, og verður hann uppvís að því, að hafa gert sjúklingi mein, þá skal hann sæta sektum, eða fangelsi og hafa fyrirgert lækningaleyfi sínu.

6. gr.

Ef einhver sá, er hefir ekkert lækningaleyfi, tekur sjúklinga til meðferðar og auk þess kallar sig lækni, eða notar lyf. sem lyfsalar mega ekki selja án lyfseðils, eða flakkar sveit úr sveit, þá skal hann sæta sektum eða fangelsi.

Ef einhver, sem hefir ekki ótakmarkað lækningaleyfi, sbr. 1. og 2. gr., tekur til meðferðar sjúkling með næmum sjúkdóm, sem lög skipa varnir við, varðar sektum eða fangelsi.

7. gr.

Þær hegningar, sem sem ákveðnar eru í þessum lögum koma ekki til greina, ef brotið er þannig vaxið, að harðari refsing liggur við í öðrum lögum.

8. gr.

Lög 29. febrúar 1884, er breyta tilskipun 5. sept. 1794 og sú tilskipun, eru úr gildi numin.

## Athugasemdir við frumvarp þetta.

Frumvarpið er samið af landlækni og fylgja því eftirritaðar athugasemdir um hverja grein, samdar af honum.

### Við 1. gr.

Fult lækningaleyfi (jus practicandi) er hér bundið þeim hinum sömu skilyrðum, sem felast beinleiðis eða óbeinleiðis í ýmsum eldri lögum og tilskipunum.

### Við 2. gr.

Ef það her til að erlendir læknar vilja setjast hér að og hafa staðist læknapróf, þótt annarsstaðar sé, en í ríkjum Danakonungs, t. d. í Noregi eða Þýzkalandi, þá virðist ekkert mæla móti því, að þeim geti orðið veitt ótakmarkað lækningaleyfi.

Þó er það alsíða nú á dögum, að leikmönnum er veitt sú mentun sem með þarf, til að fást við einstaka sjúkdóma, t. d. tannsjúkdóma, eða beita einhverri einni lækningar- aðferð, t. d. nuddlækningu.

Þeim mönnum er veitt takmarkað lækningaleyfi í öðrum löndum og ætti það einnig að vera í lögum hér á landi.

### Við 3. gr.

Það er mjög mikils vert fyrir þjóðfélagið, að þess sé gætt, að allir læknar haldi sér við þau lög, er láta að læknisstörfum. Landlæknir verður að hafa það eftirlit. Nú er einnig áriðandi að vita um útbreiðslu næmra sjúkdóma, og í öðrum löndum er öllum læknum gert að skyldu, að láta í té þær skýrslur, sem heilbrigðisstjórn heimtar. Hér í Reykjavík eru ýmsir læknar, sem engin embætti hafa á hendi. Hafa sumir þeirra neitað að láta í té skýrslur um næma sjúkdóma sem þeir hafa séð. Hér er bætt úr þessu.

### Við 4. gr.

Það er afar áriðandi allri alþýðu, að mega bera fult traust til þeirra manna, er lækningaleyfi hafa, og þess vegna nauðsynlegt að þeir læknar, sem misbeita læknisþekkingu sinni, eða verða óhæfir til læknisverka t. d. vegna mikillar drykkjuskaparóreglu eða annarar brjássemi, séu sviptir lækningaleyfinu.

Þar sem landlækni ber að hafa gát á öllum læknum landsins, verður að veita honum heimild til að svífta lækni lækningaleyfi tafarlaust, ef bráðan ber að, en sjálfsagt að ráðherran felli fullnaðarúrskurð.

### Við 5. gr.

Það ber til að þeir sem hafa lært einhverja eina lækningaraðferð t. d. nuddlækningu, taka það fyrir að beita þessari aðferð í gróðaskyni, við alla, sem til þeirra leita, enda þótt þeir viti, að þeir gera sumum sjúklingunum ekkert gagn. Yfirleitt má búast við, að það vilji til, að þeir menn, sem hafa takmarkað læknisleyfi, geri sig seka í því að taka til meðferðar sjúkdóma, sem þeir mega ekki fást við og hafa ekkert vit á, eða beiti lækningaraðferðum, sem þeir kunna ekki með að fara; oft vinna þeir þá sjúlingum stór mein.

Slíkt samvizkuleysi hlýtur að varða missi lækningaleyfisins.

Við 6. gr.

Ef læknisstarfið er öllum frjálst, þá fer jafnan svo, að ýmsir óvandaðir menn gera sér það að átvinnu, kalla sig lækna, telja fólki trú um að þeir séu mjög fróðir, þótt þeir séu allsendis ófróðir, tæla fé út af fáfróðri alþýðu og vinna mörgum sjúklingi mein, beinleiðis eða óbeinleiðis, en fáum eða engum gagn. Þetta má ekki líða. Sumir þessara manna eru að visu sómameinn, hnýsast í lækningabækur, og halda að þeir séu svo færir að hjálpa sjúklingum. Þeir vinna engum mein vísitandi, en oft óafvitandi.

Einna verst fer á því, að skottulæknar eða menn er hafa takmarkað lækningaleyfi, megi taka til meðferðar sjúklinga með næma sjúkdóma. Það truflar allar sóttvarnarráðstafanir og verður til stórtjóns.